

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-55/2019.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. júlí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sérsmíðuðum skúffuframlíðum, forstykkjum og hliðum á eldhúsinnréttingu, af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að hið selda sé haldið galla og krefst riftunar á kaupunum.

### II

#### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfum, dags. 25. júlí 2019, 11. september 2019 og 12. desember 2019, var álitsbeiðni send til seljanda og honum gefinn kostur á að senda inn andsvör við álitsbeiðninni innan tveggja vikna. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvörin 20. desember 2019. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á þremur skúffuframlíðum, forstykkjum og þremur sléttum hliðum af seljanda sem tók að sér smíði þeirra. Álitsbeiðandi greiddi 238.658 krónur fyrir smíðina sem álitsbeiðandi keypti í þeim tilgangi að bæta við gamla innréttingu í fasteign álitsbeiðanda til að drýgja notkun hennar. Álitsbeiðandi óskaði eftir því að áferð og litur sérsmíðuðu hliðanna yrðu í samræmi við eldri innréttinguna. Álitsbeiðandi afhenti seljanda því skúffuframlíð af gömlu innréttingunni sem seljandi ætlaði að litagreina og í kjölfarið samræma litinn við lit innréttingarinnar.

Áður en álitsbeiðandi fékk smíðina afhenta hafði verkið tafist nokkuð og ágreiningur var uppi milli aðila um kaupverðið, sem að endingu leystist þegar seljandi lækkaði greiðslukröfu sína. Smíðin tók um fjóra mánuði og lauk henni 13. júní 2019. Við afhendingu voru framlíðarnar að sögn álitsbeiðanda vafðar inn og því ekki sýnilegar. Að auki segir álitsbeiðandi að viðmót starfsmanna seljanda hafi ekki verið vinalegt í ljósi fyrri samskipta. Þegar heim var komið og uppsetning átti að hefjast kom í ljós að verulegur litamunur var á nýju hliðunum og innréttingunni. Var því haft samband við seljanda og honum tilkynnt um óánægju álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi telur að smíði seljanda sé ekki í samræmi við samning aðila þar sem hliðarnar séu augljóslega ekki í sama lit og innréttingin. Í samskiptum við álitsbeiðanda hefur seljandi bent á að viðbætur við eldhús smíðaðar árið 2019 verði aldrei í nákvæmlega sama lit og innrétting frá árinu 1980. Kveðst seljandi hafa bent á að eikin og lakkið hafi gulnað vegna 40 ára notkunar og sumir hlutar innréttingarinnar hafi upplitast af sól. Kveðst seljandi hafa tekið að sér að smíða viðbæturnar eins nálægt upprunalegri innréttingu og hann gæti.

Álitsbeiðandi segir að hann hafi búist við því að litamunur yrði á nýrri smíði og gamalli innréttingu en að honum hafi ekki órað fyrir því að munurinn yrði svo mikill. Álitsbeiðandi bendir á að innréttingin hafi vissulega veðrast við áralanga notkun. Hann hafi þó afhent seljanda sýnishorn af innréttingunni eins og hún er í dag en ekki eins og liturinn var

upprunalega. Að mati álitsbeiðanda er afhent vara ekki í samræmi við samning aðila og ekki sú vara sem óskað var eftir að kaupa.

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að kaupunum verði rift en seljandi hefur hafnað því.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda. Telur seljandi að skilyrði til riftunar séu ekki uppfyllt og hið sama eigi við um skilyrði skaðabótaskyldu. Þá bendir seljandi á að hann hafi þegar veitt álitsbeiðanda 30% afslátt vegna ágreinings um kaupverðið og síðar 30.000 króna afslátt til viðbótar. Álitsbeiðandi hafi fallist á þau málalok og tekið við vörunni athugasemdalaust.

Seljandi bendir á að innrétting álitsbeiðanda sé eikarinnrétting frá árinu 1980. Bæði eikin og lakkið höfðu gulnað með árunum og einnig upplitast af sól. Seljandi kveðst hafa upplýst álitsbeiðanda um að vandasamt yrði að fá nákvæmlega sama lit á nýja hluta innréttingarinnar. Litamunurinn verði hins vegar minni með tímanum. Seljandi hafnar því að sérsníðin sé haldin galla.

#### V

##### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir festi álitsbeiðandi kaup á þremur skúffuframhliðum, forstykkjum og sléttum hliðum sem seljandi tók að sér að sérsníða fyrir 238.658 krónur. Sníðinni átti að bæta við gamla eldhúsinnréttingu í fasteign álitsbeiðanda og óskaði álitsbeiðandi þar af leiðandi eftir því að litur nýju hliðanna yrði hinn sami eða mjög sambærilegur að lit og innréttingin.

Álitsbeiðandi telur að verulegur litamunur sé á sníði seljanda og innréttingunni og hin afhenta vara hafi því ekki verið í samræmi við samning aðila. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur skal búa yfir, en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skal söluhlutur, ef annað leiðir ekki af samningi:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;
- f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;

*g. vera laus við réttindi þriðja manns, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um réttindi í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.*

Um galla á söluhlut er fjallað í 15. og 16. gr. nkpl., en ákvæðið er svohljóðandi:

**16. gr. Gallar.**

*Söluhlutur telst vera gallaður ef:*

*a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;*

*b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;*

*c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;*

*d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.*

[...]

Í reikningi vegna viðskipta aðila segir um hina seldu sérsníði: „sérsníði á eldhús hurðum, forstk gerð Eggenfelden og spónlögðum hliðum allt bæsað í 1/2 DK bæs og lakkað“. Að sögn álitsbeiðanda bjóst hann við lítilsháttar litamun milli eldri innréttingar og nýrra viðbóta. Munurinn hafi hins vegar verið meiri en hann hafi gert ráð fyrir og telur álitsbeiðandi að liturinn sé ekki að nokkru leyti sambærilegur. Seljandi kveðst hafa veitt álitsbeiðanda upplýsingar um að einhver litamunur verði sjáanlegur, sem komi til með að minnka með tímanum.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, þar á meðal myndum, má sjá litamun á skúffuframhliðum eldri innréttingarinnar og þeim sem keyptar voru af seljanda, en innréttingin en nokkuð gulari. Kærunefndin getur þó ekki fallist á það með álitsbeiðanda að munurinn sé svo verulegur að liturinn sé ekki sambærilegur og að allt eins gæti verið um svart og hvítt að ræða. Að áliti nefndarinnar bera gögn málsins með sér að litamunurinn sé óverulegur og ekki áberandi, en þó sýnilegur. Munurinn virðist m.a. vera sökum þess að erfitt er að framkalla lit á nýja hluti sem stafar af aldri, notkun og upplitun hins eldri hlutar.

Álitsbeiðanda var kunnugt um að litamunur gæti orðið á milli nýrrar sníði og innréttingarinnar. Kærunefndin telur sér því ekki fært að líta svo á að sníði seljanda sé í ósamræmi við samning aðila. Þá verður ekki séð að sérsníðin hafi ekki hentað til þeirra nota sem álitsbeiðandi hafði fyrirhugað og seljanda var kunnugt um. Álitsbeiðandi hefur þegar skeytt sérsníðinni við innréttinguna og var það gert á þann hátt að litamunur sést eins lítið og mögulegt er. Kærunefndin getur ekki fallist á að litur sérsníðinnar feli í sér galla í skilningi 15. og 16. gr. nkpl.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson